

Fundargerð 295. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: mánudagur 8. apríl 2024
Fundartími: 16:00-17:50
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson í fjarfundi
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir skipulagsnefndar

Nr. 276, dags. 13.04.2024

a) Flóahreppur og Árborg; Selfosslína 1; Breytt lega loflínu SE1;

Aðalskipulagsbreyting – 2311074

Lögð er fram tillaga að breyttu aðalskipulagi Flóahrepps er varðar breytta legu raflínu innan aðalskipulags Flóahrepps og Árborgar. Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í megindráttum liggja um Larsenstræti og fylgja nýrri legu Suðurlandsvegur norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3 km. Framkvæmdinni verður áfangaskipt. Í fyrsta áfanga verður línan tekin niður frá tengivirki að mastri nr. 114. Síðari áfangar byggja á tilkomu nýrrar brúar yfir Ölfusá en línan verður hengd í brúna. Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Breytingin tekur því til dreifbýlis í Flóahreppi þar sem gert er ráð fyrir því að línan verði sett í jörð auk þess sem gerð er breyting á aðalskipulagi Árborgar sem nær til þéttbýlis á Selfossi og dreifbýlis beggja vegna Ölfusár, norðan og austan við Selfoss. Samhliða eru sveitarfélagsmörk innan aðalskipulags Flóahrepps leiðrétt í takt við skilgreind mörk sveitarfélaganna innan aðalskipulags Árborgar. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnin matstilkynning og send til Skipulagsstofnunar. *Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlögð gögn og samþykkir að tillagan verði kynnt í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan verður kynnt með auglýsingu sem birtist þann 14.3.24.*

Fyrir liggur tillaga sem er í kynningu að breyttu aðalskipulagi Flóahrepps er varðar breytta legu raflínu innan aðalskipulags Flóahrepps og Árborgar. Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í megindráttum liggja um Larsenstræti og fylgja nýrri legu Suðurlandsvegur norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3 km. Framkvæmdinni verður áfangaskipt. Í fyrsta áfanga verður línan tekin niður frá tengivirki að mastri nr. 114. Síðari áfangar byggja á tilkomu nýrrar brúar yfir Ölfusá en línan verður hengd í brúna. Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um Sveitarfélagið Árborg og

Sveitarstjórn Flóahrepps ákvað á fundi sínum í ágúst 2023 að auglýsa eftir veiðimanni til hefðbundinnar minkaleitar í sveitarfélaginu vorið 2024. Samkvæmt reglum Flóahrepps um refa- og minkaveiði var auglýst eftir veiðimanni til að sinna hefðbundinni minkaleit og veiði í sveitarfélaginu. Auglýst var á heimasíðu Flóahrepps 12. mars 2024 og rann frestur til að sækja um út þann 5. apríl 2024. Sveitarstjóri hefur gengið til samninga við Eggert Sigurbór Guðlaugsson og mun hann starfa á tímabilinu 20. apríl – 20. júní við minkaveiði og vera til reiðu ef vandamál koma upp. Skilyrði er að ráðnir veiðmenn notist við minkahunda en einnig er heimilt að notast við gildruveiðar.

Lagt fram til kynningar.

8. Samkomulag Flóahrepps og Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps

Fyrir liggur samkomulag Flóahrepps og Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps sem undirritað var 3. apríl 2024. Samkomulagið var kynnt og samþykkt á fundi Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps þann 25. mars 2024. Í samkomulaginu er kveðið á um að Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps afhendi eignarhlut sinn í félagsheimilinu Félagslundu upp á 8% (1/13 hluta) til Flóahrepps. Kvenfélaginu eru gegn því tryggð endurgjaldslaus afnot af félagsheimilum, eða öðrum fasteignum sveitarfélagsins eftir því sem við á, fyrir menningar og félagsstarf og að auki er tryggt að félagið hafi geymslustað fyrir sínar eigur. Í samkomulaginu kemur einnig fram að sveitarfélagið Flóahreppur lýsi því yfir að engar kröfur verða gerðar á Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps vegna reksturs og viðhalds hússins síðustu ár eða á komandi árum.

Sveitarstjórn Flóahrepps ítrekar mikilvægi kvenfélaga og annarra félagasamtaka í sveitarfélaginu enda gegna þau lykilhlutverki í menningarstarfi sveitarfélagsins og samfélaginu. Lögð verður áhersla á að eiga áfram gott samstarf við kvenfélagið og styðja við starfsemi þess. Sveitarstjóra falið að þinglýsa undirrituðu samkomulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Skólaakstur 2024-2025

Fyrir liggur að breytingar verða á þeim verktökum sem sinna skólaakstri á næsta skólaári þar sem einn verktaki hyggst ekki endurnýja samning. Gerðir voru samningar vegna fimm skólabíla síðasta sumar og var gildistími samninganna ýmist 1 eða 3 skólaár. Að auki var samið tímabundið um sjötta bílinn í janúar 2024 til að mæta breytingum á skólaakstri á miðju skólaári vegna fjölgunar nemenda.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að kalla eftir upplýsingum um breytingar á akstursleiðum eða nemendafjölda sem getur haft áhrif á stærð skólabíla í samráði við skólustjórnendur og fræðslunefnd. Sveitarstjóra er jafnframt falið auglýsa eftir aðilum til að taka að sér skólaakstur á komandi skólaári og ganga frá samningum eftir því sem við á. Sveitarstjórn leggur áherslu á að leiðir séu sem hagkvæmastar útfrá rekstrarlegum forsendum ásamt því að huga þarf að tímalengd nemenda í skólabílum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Ósk um umsögn sveitarstjórnar vegna stofnunar lögbýlis í Galdramýri L223808

Fyrir liggur ósk um umsögn sveitarstjórnar, dags. 5. mars 2024, um heimild til stofnunar lögbýlis í Galdramýri L223808. Fyrir liggur jákvæð umsögn Búnaðarsambands Suðurlands ásamt uppdrætti af viðkomandi landi.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í áform umsækjenda um stofnun lögbýlis í Galdramýri og gerir ekki athugasemdir við stofnun lögbýlis sbr. 17. gr. jarðarlaga nr. 81/2004. Sveitarstjórn telur æskilegt að föst búseta fylgi stofnun lögbýlis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Bréf frá Fjarskiptastofu – Könnun á áformum um uppbyggingu ljósleiðara aðgangsneta á þéttbýlisstöðum og í byggðakjörnum.


Fyrir liggur bréf frá Fjarskiptastofu sem sent var á sveitarfélög. Í bréfinu er skorað á alla aðila sem hafa áform um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsnets fyrir árslok 2026 að senda Fjarskiptastofu upplýsingar um áformin.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur verkefnastjóra Flóaljóss, í samráði við sveitarstjóra, að svara könnun á áformum um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta og senda á Fjarskiptastofu í síðasta lagi 13. apríl 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum.



- 12. Umsagnarbeiðni um mál nr. 0324/2024 – Selfosslína 1, breyting, tilkynning um framkvæmd**
Fyrir liggur umsagnarbeiðni úr Skipulagsgátt um mál nr. 0324/2024, Selfosslína 1, breyting, tilkynning um framkvæmd (tilkynning til ákvörðunar um mats skyldu).
Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir vegna máls nr. 0324/2024: Selfosslína 1, breyting, tilkynningu um framkvæmd (tilkynning til ákvörðunar um mats skyldu).
Skipulagsfulltrúa falið að senda inn umsögn fyrir hönd Flóahrepps til Skipulagsstofnunar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 13. Umsagnarbeiðni um geymslustað ökutækja vegna starfsleyfis til reksturs ökutækjaleigu**
Fyrir liggur beiðni um umsögn frá Samgöngustofu um geymslustað ökutækja í útleigu vegna umsóknar um starfsleyfi til reksturs ökutækjaleigu fyrir BHERO ehf., með geymslustað að Tjarnarstöðum, 803 Flóahreppi.
Sveitarstjórn Flóahrepps tekur vel í umsagnarbeiðni um geymslustað ökutækja og felur sveitarstjóra að afla frekari gagna og upplýsinga um starfsemina og senda í kjölfarið umsögn.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 14. Áskorun til sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga 2024**
Fyrir liggur til kynningar áskorun til sveitarfélaga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er varðar yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga sem voru undirritaðir þann 8. mars sl. Sveitarfélög eru hvött til að hækka ekki gjaldskrár fyrir árið 2024 umfram 3,5% og eru hvött til að endurskoða gjaldskrár ársins hafi þær hækkað meira. Í því samhengi sé sérstaklega horft til gjaldskráa er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Í áskoruninni kemur einnig fram að útfærð verði leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálssar frá og með ágúst 2024 til loka samningstímans. Þar er lagt upp með að kostnaðarþátttaka ríkisins verði 75% af núverandi gjaldskrá skólamáltíða. Áskorunin tekur einnig til húsnæðismála og mikilvægi öflugrar íbúðauppbyggingar þar sem sveitarfélög tryggja nægilegt framboð byggingarsvæða og lóða til skemmri og lengri tíma.
Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar gerð langtímakjarasamninga sem auka líkur á stöðugleika, bættu vaxtarstigi og lægri verðbólgu. Fyrirsjáanleiki í launahækkunum er að auki mikilvægur í rekstri og áætlanagerð sveitarfélaga. Sveitarstjórn tók ákvörðun á fundi 9. janúar 2024 að gjaldskrár vegna skólamáltíða, lengdrar viðveru í grunnskóla, fæðisgjalda í leikskóla og leikskólagjalda tækju ekki hækkunum skv. vísitölu neysluverðs þann 1. febrúar 2024.
Sveitarstjórn Flóahrepps hefur þegar brugðist við ýmsum þáttum sem áskorunin tekur á og mun áfram hafa þessa þætti til hliðsjónar í öllum ákvörðunum sínum um gjaldskrárbreytingar.
Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur ríkið til að koma sem fyrst með útfærðar leiðir að gjaldfrjálsum skólamáltíðum. Varðandi húsnæðismál þá vinnur sveitarfélagið nú að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð við Þingborg sem mun skapa framboð lóða og auka á fjölbreytni í byggingarmöguleikum í sveitarfélaginu. Nokkuð framboð er af stærri íbúðarlóðum í sveitarfélaginu á svæðum sem skipulögð eru af einkaaðilum.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 15. Samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. – Fyrri umræða**
Fyrir liggja til fyrri umræðu uppfærðar samþykktir fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. Helstu breytingar snúa að því að verið er að færa Seyruverkefnið sem var rekið innan Hrunamannahrepps inn í starfsemi byggðasamlagsins UTU og taka nýjar samþykktir miða af því. Einnig er gerð breyting á að ekki sé lengur skylda að sami aðili þurfi að vera í stjórn UTU og í skipulagsnefnd UTU.
Sveitarstjórn Flóahrepps vísar umræðum um nýjar samþykktir fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. til síðari umræðu en telur eðlilegt að tekin verði dýpri umræða um mögulega aðild að hluta byggðasamlagsins.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 16. Hlutverk og framtíðarnotkun í Þingborg, Félagslundi og Gömlu Þingborg**
Á 294. fundi sveitarstjórnar var sveitarstjóra falið að afla frekari gagna um notkun, kostnað, framkvæmda- og viðhaldsþörf á fasteignunum Þingborg, Félagslundi og Gömlu Þingborg. Greining á ofangreindu er vel á veg komin en skoða þarf betur framkvæmda- og viðhaldsþörf



á fasteignunum. Afgreiðslu og frekari umræðum um málið frestað til maí fundar sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Oddviti gerði stutt fundarhlé kl. 17:20-17:25

17. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 294, dags. 05.03.2024
- b) Framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla nr. 3, dags. 06.03.2024
- c) Fræðslunefndar nr. 149, dags. 19.03.2024
Varðandi lið 1 undir málefnum Krakkborgar bendir sveitarstjórn að mikilvægt sé að kalla eftir skoðunum foreldra varðandi hugsanlega breytingu á opnunartíma til að bregðast við styttingu vinnuvikunnar. Að auki bendir sveitarstjórn á að lokaákvörðun um fyrirkomulag er á hendi sveitarstjórnar að fenginni tillögu foreldraráðs og fræðslunefndar um málið.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
Sveitarstjórn fagnar jákvæðum niðurstöðum úr foreldrakönnun sem lögð var fyrir nýlega en könnunin sýnir heilt yfir miklar framfarir í leikskólastarfinu samanborið við síðustu foreldrakönnun sem lögð var fyrir 2022.
- d) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 20, dags. 27.03.2024
- e) Svæðisskipulags Suðurrhálendis nr. 27, dags. 27.02.2024
Á fundi svæðisskipulagsnefndar Suðurrhálendis var lögð fram tillaga að svæðisskipulagi Suðurrhálendisins 2022-2042 eftir auglýsingu. Innan tillögunnar er mótuð framtíðarsýn fyrir Suðurrhálendið um sterka innviði, umhyggju fyrir auðlindum, ábyrga nýtingu auðlinda, aðgerðir fyrir loftslagið og góða samvinnu. Tillögunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir Suðurrhálendi, sem er fylgirit svæðisskipulagsins. Tillagan nær yfir hálendishluta sveitarfélaganna Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Auk þeirra hafa sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg tekið þátt í verkefninu. Tillagan var auglýst frá 15. nóvember 2023 til og með 19. janúar 2024. Athugasemdir og umsagnir bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins eftir auglýsingu auk samantektar á andsvörum og viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar fyrir Suðurrhálendið.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi tillögu að svæðisskipulagi Suðurrhálendis 2022-2042.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- f) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 6, dags. 05.02.2024 og nr. 7, dags. 04.03.2024
- g) Faghóps um ferðamál dags. 14.02.2024
- h) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 69, dags. 23.02.2024
- i) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 17, dags. 15.02.2024, nr. 18, dags. 29.02.2024 og nr. 19, dags. 26.03.2024 ásamt ársreikningi vegna 2023
- j) Stjórnar Bergrisans nr. 70, dags. 26.02.2024
Varðandi lið 4 í fundargerð, gjaldskrá Bergrisans, þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps fyrirliggjandi gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna og notendasamninga.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- k) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 9, dags. 16.10.2023, nr. 10, dags. 06.11.2023 og nr. 11, dags. 11.03.2024 ásamt ársreikningi vegna 2023
- l) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 106, dags. 13.03.2024 og nr. 107, dags. 27.03.2024
- m) Vegna hringveggar (1) um Ölfusá – samræming veitulagna nr. 3, dags. 16.03.2024
- n) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 945, dags. 28.02.2024 og nr. 946, dags. 15.03.2024
- o) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 210, dags. 22.03.2024 ásamt ársreikningi vegna 2023
- p) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 234, dags. 21.03.2024 ásamt ársreikningi vegna 2023
- q) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 324, dags. 02.04.2024

18. Efni til kynningar



- a) Frá Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu: Ábyrgð á ráðstöfun aukaafurða úr dýrum
- b) Frá Forsætisráðuneytinu: Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli Lýðveldisins 2024
- c) Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands 19. apríl 2024 og framboð til stjórnar
- d) Frá Brunavörnum Árnessýslu – Til upplýsinga vegna slökkvitækjapjónustu í dreifbýli í Árnessýslu
- e) Áskorun frá Umboðsmanni Barna: Bætt hljóðvist í leik- og grunnskólum
- f) Frá Háskólafélagi Suðurlands: Atvinnubrú – auðlindir samfélagsins
- g) Loka framvinduskýrsla vegna ytra mats Flóaskóla
- h) Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 23. apríl 2024
Sveitarstjórn Flóahrepps tilnefnir Huldu Kristjánsdóttur til setu á aðalfundi Háskólafélags Suðurlands 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- i) Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2023
- j) Stóri plokkgagurinn 28. apríl 2024
- k) Umsókn í verkefnið Margar hendur vinna létt verk
- l) Glærur og punktar frá íbúafundi sveitarstjórnar 26. mars 2024
- m) Íslensku menntaverðlaunin 2024 – Óskað eftir tilnefningum
- n) Frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu – Dreifibréf vegna undanþágu til lausráðningar starfsmanna til kennslustarfa, frá 1. apríl 2024 og fyrir skólaárið 2024-2025
- o) Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2023
- p) Frá Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu: Ákall eftir sjónarmiðum vegna endurskoðunar laga um verndar- og orkunýtingaráætlun
- q) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar mál nr. 143 um málefni aldraðra (réttur til sambúðar)
- r) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 7. maí kl. 16:00 í Þingborg og aukafundur sveitarstjórnar í tengslum við samþykkt ársreiknings 2023 verður þann 14. maí kl. 16:00 í Þingborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.


Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)



Fundargerð 10. Fundur

Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Miðvikudagur 17. apríl 2024

Fundartími: kl:19:30

Fundarritari: Agnes Björg Birgisdóttir

Fundarmenn:

Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Sigurður Ingi Sigurðsson, Harpa Magnúsdóttir, Agnes Björg Birgisdóttir.

Vegna Fjör í Flóa: Fulltrúar koma frá:

Ungmennafélagi Þjótanda: Guðmunda Bríet Steindórsdóttir.

Kvenfélagi Villingaholtshrepps: Margrét Ósk Ingjaldsdóttir.

Kvenfélagi Hraungerðishrepps: Berglind Björk Guðnadóttir

Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps : Elín Höskuldsdóttir

Fulltrúar úr öldungarráðs: Halla Kjartansdóttir formaður/ Helena Hólm varamaður kl:19:30 - 20:00

Dagskrá

1. Öldungarráð 60 plús hópurinn hugmyndavinna, Halla Kjartansdóttir / Helena Hólm

Áætlað er að hefja starf fyrir fólk eldra en 50-60 ára í Flóahreppi í vor. Hugsað var að hafa eitt opið hús í vor og í framhaldi af því móta starfið frekar fyrir næsta vetur, og hafa þá reglulega hittinga.

2. Skipulag vegna Fjör í Flóa 31. Maí - 1. Júní 2024

Kvenfélögin ætla að halda vöflukaffi og kökubasar líkt og síðast. Ungmennafélagið ætlar að sjá um kandíflossvél, kassabílakeppni, pylsusölu, andlitsmálningu og kökuskreytingarkeppni. Almenn skipulag verður með svipuðum hætti og síðast, lagt verður meira í kvöldgönguna og hætt við kvöldvökuna. Búið er að bóka flest atriðin sem verða á hátíðinni.

3. Val á íþróttá / afreksfólki Flóahrepps / menningarstyrkur.

Ungmennafélag ætlar að sjá um val á íþróttá/afreksfólk Flóahrepps. Menningarstyrkir verða ákvarðaðir síðar.

4. 17.Júní finna fulltrúa frá menningarnefnd, kvenfélögum og ungmennafélaginu, búa til spjallhóp í kringum það skipulag, Sjá skjal frá Sveitarstjóra.

Valinn var fulltrúi frá menningarnefnd til að skipuleggja 17. júní.

5. Önnur mál

Fundi slitið: 22:00

Fundargerð 150. fundar Fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Flóaskóli

Fundardagur: Þriðjudagur 23. apríl 2024

Fundartími: Flóaskóli 9:00 – 10:20

Krakkaborg 10:20 – 11:00

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, aðalmaður

Axel Páll Einarsson, ritari

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Þórdís Þormóðsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Kristrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar

Flóaskóli

Undir þessum lið sátu eftirfarandi: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir, Catharina Krentel.

1. Skoðunarferð um skólann.
Fræðslunefnd byrjaði fundinn á skoðunarferð um skólann og leyst nefndinni bara vel á fyrirhugaðar breytingar og skipulag skólans í dag.
2. Fréttir af skólastarfinu.
Flóaskóli vann undanúrslita viðureignina í skólahreysti og mætir því liðið í úrslitin 25. maí næstkomandi. Leiksýning á miðstigi Flóaskóla var í gær 22. apríl, vel sótt af foreldrum og kennurum. Einhver hreyfing er á starfsfólki en ekki mikil.
3. Skóladagatal.
Óbreytt frá því á síðasta fundi og engar athugasemdir frá nefndarmönnum
Fræðslunefndar svo skóladagatalið er samþykkt samhljóða.
4. Innra mat.
Stærsti þátturinn í innra matinu er skoðannakönnun skólapúlsins meðal starfsmanna Flóaskóla þar sem metið er allskyns þættir eins og; *vinnuálag, skýrleiki hlutverks, ágreiningur um hlutverk, jákvæðar áskoranir í starfi, leikni í starfi, skuldbindingar til vinnustaðarins, skörun vinnu og einkalífs, ræktun mannauðs, starfsmanna viðtöl og gagnsemi starfsmanna viðtala, starfsandinn, vinnuaðstaðan, stytting vinnuvikunnar, stuðningur frá samstarfsfólki, stuðningur við nýsköpun, mismunur, einelti og kynferðislegt ofbeldi mælist ekki í flóaskóla, stjórnunin, sanngjörn forysta, kennarastarfið, upplýsingar til foreldra, heimavinnan, undirbúningur kennslu, hópavinna í bekk, einstaklings vinna, einstaklingmiðuð kennsla, áhersla námsmats með prófum, annað mat, mat frá foreldrum, leiðsagnamat, símat, stuðningur kennara við nemendur með námserfiðleika, faglegur stuðningur svo eitthvað sé nefnt. Svörin eru svo borin saman við aðra skóla á landinu og hinum norðurlöndunum. Með svörunum reiknar könnunin svo út einhverskonar niðurstöðu út frá þessum spurningum til svarenda. Í mjög stuttu máli kemur Flóaskóli mjög vel útúr þessari könnun í nánast öllum þáttum.*
5. Önnur mál.

Krakkaborg

Undir þessum lið sátu eftirfarandi: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Axel Páll Einarsson, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Sara Guðjónsdóttir, Þórdís Þormóðsdóttir, Kristrín Jónsdóttir

6. Fréttir af skólastarfinu.

Starfið í Krakkaborg hefur verið að ganga þokkalega undanfarin mánuð, veikindi starfsmanna eru enn þá að rugla í daglegu skipulagi hjá okkur en oftast en ekki eru veikindin ekki langvarandi. Ekki hefur verið þörf á að nota faliðunarátætlun en það stendur frekar tæpt suma daga en þá eru leikskólastjóri og sérkennslustjóri mikið inni á deild og önnur verkefni bíða. En þrátt fyrir þúsl-daga þá er mikið um að vera hjá Krakkaborg. Baunagrös og tómataplöntur eru að spretta upp og undirbúningur í gróðurhúsinu góða er á fullu.

Núna 4. júní verða 9 nemendur útskrifaðir frá Krakkaborg með tilheyrandi háttíðarhöldum, en ákveðin hefð hefur komið á útskriftina, nemendur eru með smá atriði og segja frá styrkleikum sínum, nemendur fá ferlimöppuna sína með listaverkum frá þeim sjálfum, útskriftarskírteini og fá að gjöf frá leikskólanum ljósmyndabók sem er samansafn af ljósmyndum frá því að nemandi hóf leikskólagönguna sína til loka. Foreldrafélagið hefur einnig gefið gjöf en síðustu tvö ár hafa það verið lítil handklæði merkt með nafni.

24. apríl koma 6 kennarar frá Jötunheimum í heimsókn og verða megnið af deginum. Jötunheimar eru annars að fara erlendis og óskuðu þessir kennarar eftir því að heimsækja Krakkaborg. Bláskógarskóli er svo að koma í heimsókn 26.apríl en þau vildu koma og skoða starfið..

7. Áætlanir fyrir næsta skólaár.

Einhver fækkun verður á nemendum næsta haust en eins og staðan er núna eru 5 nýjir nemendur væntanlegir en ekki allir á sama tíma. Nemenda fjöldi verður 38 nemendur svo það er pláss fyrir fleiri.

Auglýsing var send út núna í síðustu viku fyrir næsta haust en svo lengi sem leikskólinn uppfyllum ekki reglugerðir að fagmenntað fólk sé í meirihluta eða 2/3 af starfsfólkinu þá ber leikskólanum skylda að auglýsa eftir kennurum. Þegar þetta er skrifað þá eru 2 leikskólakennarar búnir að sækja um og einn sem er að klára B.Ed. næsta haust. Að auki eru ófaglærðir búnir að sækja um.

8. Útfærsla á styttingu vinnuviku

Mönnun innan leikskólans er tæp með númerandi útfærslu. Útfærslan sem hefur aðallega verið rædd, með að reyna koma þessum 24 dögum fyrir á skólaárinu, er að fylgja Flóaskóla sem mest, en gerð var könnun innan foreldra barna og starfsmanna um útfærslur. Foreldraráð Krakkaborgar leggur til að prófa í eitt ár að fylgja Flóaskóla með að hafa haust og vetrarfrí, lokað á Þorláksmessu, milli jóla og nýárs, og einnig dymbilviku.

Umræður um málið fóru fram innan Fræðslunefndar. Álit Fræðslunefndar er að samþykka breytingar til eins árs eins og Foreldraráð og leikskóli leggja til. En hafa ber í huga að taka tillit til leikskólagjalda á þessum dögum sem lokað er.

9. Skóladagatal

Skóladagatalið er samþykkt af hálfu Fræðsunefndar með fyrirvara um að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki breytingar um styttingu vinnuvikunnar.

10. Önnur mál.



Fjárfestingin á árinu 2023 (styrking á stofni) = 84.211.152 kr (áætlun var 98.000.000 kr).

Tilboðið frá verktaka hljóðaði upp á 73.803.000 kr en reikningar frá verktaka stóðu í 54.415.800 kr í árslok 2023. Við það bætist frágangsvinna þegar frost fer úr jörðu.

- b) Vatnsþrýstingur að Hnausi/Mosató. Börkur búinn að tala við verktaka í vatnsveitu um að kára málið í Ruddakróki en þar eru lokarnir við tankinn sem þarf að klára. Nefndin leggur áherslu á að þetta verði klárað sem allra fyrst.
- c) Rætt um að koma upp rofa/tengimöguleikum á alla dæluskúrana til að tengja varaafli. Berki falið að koma því af stað.
- d) Nefndin fjallaði um verkefni sem verktakar í vatnsveitu eru að sinna. Fyrir næsta fund nefndarinnar er óskað eftir því að fá yfirlit yfir verkefni verktaka og verkskrá um það sem er í vinnslu, verkefni framundan, nýtengingar ofl. Börkur mun boða verktaka á fund og vinna í kjölfarið yfirlit yfir verkefni.
- e) Nefndin talaði um að gott væri að koma upp nafnalista á rafvirkjum og öðrum verktökum sem vinna fyrir vatnsveituna. Setja inn í gagnagrunn t.d hver vann verkið upp á að eiga betri upplýsingar um framkvæmdir í vatnsveitunni.
- f) Nefndin leggur áherslu á að gerður verði verksamningur við landeigendur í Huldu- og Maríuhólum um framkvæmdina sem snýr að vatnsveitunni þar sem lagnirnar verða hluti af Vatnsveitu Flóahrepps. Mikilvægt að ábyrgð sé skilgreind. Þar þarf að vísa í staðla og reglugerðir, hvernig kostnaðarskipting er og að það komi skýrt fram að lagnir og rekstur verði á vegum Vatnsveitu Flóahrepps að framkvæmdu loknum. Mikilvægt að við sinnum eftirlitshlutverki þó að fenginn verði verktaki sem við samþykkjum til að leggja lagnir í sameiginlegan lagnaskurð. Við afhendum inn fyrir lóðamörk og tengingar við veituna verða að vera framkvæmdar af starfsmanni á vegum sveitarfélagsins.
- g) **Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 22. maí kl. 8:15 í Þingborg.**

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

Umhverfis- og samgöngunefnd

Fundur 18. apríl 2024

Mætt: Jakob, Helena, Helgi, Svanhvít og Halla.

1. Stóri plökkdagurinn 28. apríl í Flóahreppi.

Flóaplokk 2024. Gera viðburð og stemningu á Facebook. Pósta inni á Bændur í Flóahreppi. Allir sem taka þátt pósta myndum á viðburðinn og verðlaun verða veitt fyrir þrjár flottustu plökkmyndirnar. Ath. hvort sveitarfélagið sé til í að veita verðlaun/viðurkenningar.

2. Loftslagsdagurinn 28. maí 2024

þegar frekari upplýsingar um viðburðinn koma, þá ræðum við um það hver ætla að taka þátt.

3. Hreinsunardagar 13.-17. maí, frítt að koma með úrgang til endurvinnslu í Hrísmýri. Þarf að auglýsa í Áveitunni, heimasíðu Flóahrepps og Bændur í Flóahreppi. Mögulega tala við Viðar Bergsson um að auglýsa sína þjónustu í Áveitunni.

4. Samgöngumál:

Nefndin ítrekar það sem kemur fram í fundargerð hennar frá 21. september 2023 í lið 3. og 7. varðandi vegamál. Enn fremur leggur nefndin til að áttak verði gert í lagfæringu malarvega þar sem ástandið á þeim er óviðunandi.

Nefndin fer fram á að lýsing verði sett við vegamót Villingaholtsvegur og þjóðvegur nr.1, Suðurlandsvegur. Enn fremur fer nefndin fram á betri merkingar á umræddum vegamótum.

Nefndin fer fram á að vegakerfið í Flóahreppi verði uppfært þannig að fleiri vegir verði merktir sem aðalbrautir eftir því sem við á.

5. d) Íbúafundurinn sem haldinn var 26. mars 2024. Nefndin telur að þessi fundur hafi ekki verið nægjanlega auglýstur og að nefndarmenn allra nefnda sveitarfélagsins hefðu átt að vera sérstaklega upplýstir og boðaðir.

Jakob Nielsen
Halla Kjartansdóttir
Svanhvít Þennannsdóttir
Helgi Sigurðsson
Helena Holm.



Fundargerð

17. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 5. mars 2024 og hófst hann kl. 8:15.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Gestur Kristjánsson og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Niðurstaða Consello eftir yfirferð á tryggingarmálum fyrir HÁ

Formaður fór yfir niðurstöður Consello sem hefur nú yfirfarið tryggingarnar og iðgjöld stofnana sem tilheyra Héraðsnefnd Árneseinga. Eftir yfirferð Consello hefur váttryggingavernd verið aukin ásamt því að búið er að leiðrétta taxa og iðgjöld. Þá hafa ofgreidd iðgjöld að upphæð 683.000 verið endurgreidd.

3. Stjórnskipulag Héraðsnefndar. Drög að stofnsamþykktum fyrir Brunavarnir og Tónlistarskólann.

Lögð voru fram drög að stofnsamþykktum fyrir Brunavarnir og Tónlistarskólann. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir hjá Lögmönnum Suðurlands hefur leitt þá vinnu. Samþykkt að drögin verði lögð fyrir vörfund til umræðu og yfirferðar. Formanni falið að hefja undirbúning vinnu við stofnsamþykkt fyrir söfnin þrjú.

4. Drög að ráðningarsamning við Lýð Pálsson

Formanni falið að ganga frá ráðningarsamningi við Lýð út frá þeim drögum sem lágu fyrir á fundinum.

5. Drög að ársreikningi Héraðsnefndar Árneseinga

Ársreikningur Héraðsnefndar Árnesinga fyrir árið 2023 lagður fram.
Framkvæmdastjórn samþykkir hann fyrir sitt leyti og vísar honum til umræðu og undirritunar á vörfundi Héraðsnefndar.

6. Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga 2024, ákvörðun um staðsetningu og dagsetningu á vörfundi

Framkvæmdastjórn samþykkir að vörfundur HÁ verði haldinn á Flúðum þann 9. apríl nk.

7. Næsti fundur

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn þriðjudaginn 19. mars kl. 8:15 á Teams.

Fundi slitið kl. 8:53

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson
Kjartan Björnsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Gestur Þór Kristjánsson
Ingibjörg Garðarsdóttir



Fundargerð

18. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. Kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 19. mars 2024 og hófst kl. 8:00

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Gestur Kristjánsson og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Drög að dagskrá vorfundur, sem haldinn verður 9. apríl

Boðað verður til vorfundar og verður hann haldinn á Flúðum 9. apríl. Lögð voru fram drög að dagskrá vorfundar.

3. Stjórnskipulag Héraðsnefndar

Drög að samþykktum fyrir Brunavarnir og Tónlistarkólan Árnésinga eru lögð fyrir fundinn og rædd. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir hjá Lögmönnum Suðurlands hefur unnið þetta áfram með stjórnnum þessara stofnanna. Drögin verða lögð fyrir vorfund Héraðsnefndar.

4. Næsti fundur

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn þriðjudaginn 2. apríl kl.8:15 á Teams

Fundi slitið kl. 8:37

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir



Fundargerð

19. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. Kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 5. apríl 2024 og hófst hann kl. 8:15

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Gestur Kristjánsson og Sandra Sigurðardóttir sátu fundinn í gegnum Teams.

Arna Ír Gunnarsdóttir og Kjartan Björnsson voru fjarverandi.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Vorfundur – Héraðsnefnd Árnésinga

Boðað hefur verið til vorfundar Héraðsnefndar Árnésinga, fundurinn verður haldinn á Flúðum 9. apríl kl. 8:30. Dagskrá vorfundar rædd og samþykkt.

Fundi slitið kl. 8:36

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson
Sandra Sigurðardóttir
Gestur Þór Kristjánsson

**Stjórn byggðasamlags UTU - 108. fundur
haldinn á Teams, miðvikudaginn 10. apríl 2024
og hófst hann kl. 10:30**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Árni Eiríksson varamaður, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Samþykktir UTU

Aðildarsveitarfélögin hafa tekið uppfærðar samþykktir til fyrri umræðu. Stjórnarmenn kynntu og fóru yfir umræður sinna sveitarstjórna sem fram fóru við fyrri umræður í sveitarfélögunum um uppfærðar samþykktir UTU.

Stjórn telur mikilvægt að rýna samþykktirnar betur og ætlar að gefa sér góðan tíma í að yfirfara þær fyrir seinni umræðu. Í ljósi þess þá felur stjórn skrifstofustjóra að vinna að endanlegri útfærslu á nýrri gjaldskrá og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

Samþykkt samhljóða.

2. Seyrustaðir

Rætt um rekstur Seyrustaða og möguleg kaup á nýjum kalkara.

Skrifstofustjóri kynnti að Árborg og Sorpa hafa sýnt því áhuga að koma með seyru á Seyrustaði. Borgarbyggð hefur jafnframt óskað eftir því að koma með seyru samkvæmt móttökusamning sem þeir gerðu 2021 við Hrunamannahrepp.

Stjórn tekur jákvætt í erindin, felur skrifstofustjóra að vinna að verkefnum áfram og taka saman heildar kostnað við möguleg kaup á kalkara.

Samþykkt samhljóða.

3. Hreinsun rotþróa 2024

Rættu um fyrirkomulag hreinsunar og að það verði með samskonar hætti og síðustu sumur.

Lagt fram til kynningar.

4. Hverabraut 6

Fyrirhugaður flutningur er áætlaður í kringum næstu mánaðamót.

Lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál

108. fundur Stjórnar byggðasamlags UTU
10.04.2024

Engin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45

—

Helgi Kjartansson

—

Árni Eiríksson

—

Björn Kristinn Pálmarsson

—

Jón Bjarnason

—


Haraldur Þór Jónsson

—

Ísleifur Jónasson


Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson




Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 12.04.2024
Tími: 09:44:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8e8a46a2-f19e-4261-9586-1eec8b3942d9

Aðalmaður
Helgi Kjartansson




Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 12.04.2024
Tími: 09:19:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8e8a46a2-f19e-4261-9586-1eec8b3942d9

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson




Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 15.04.2024
Tími: 08:43:57
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8e8a46a2-f19e-4261-9586-1eec8b3942d9

Aðalmaður
Jón Bjarnason




Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 12.04.2024
Tími: 09:00:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8e8a46a2-f19e-4261-9586-1eec8b3942d9

Varamaður
Árni Eiríksson



Undirritað af:
Árni Eiríksson
0809664589
Dags: 12.04.2024
Tími: 11:01:21
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8e8a46a2-f19e-4261-9586-1eec8b3942d9

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson



Undirritað af:
Björn Kristinn Pálmarsson
0112824239
Dags: 12.04.2024
Tími: 09:37:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8e8a46a2-f19e-4261-9586-1eec8b3942d9

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings haldinn á Teams 15. apríl 2024, kl. 8:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Hulda Kristjánsdóttir.
Formaður Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. 2023

Formaður fór yfir ársreikning fyrir 2023. KPMG sá um að endurskoða ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2023. Rekstrartekjur byggðasamlagsins námu 127,7 milljónum. Á árinu voru 6,2 stöðugildi auk stjórnarfólks og námu launagreiðslur með launatengdum gjöldum alls 84,8 milljónum. Með ársreikningi fylgdi leiðrétting á framlögum sveitarfélaganna árið 2023 ásamt athugasemdum endurskoðanda vegna frávika í uppgjöri.

Stjórn samþykkir framlagðan ársreikning og felur formanni að ganga frá rafrænni undirritun og að senda ársreikning á aðildarsveitarfélög.

Formanni falið að koma leiðréttu uppgjöri á skrifstofu Hrunamannahrepps sem sér um að gera árið upp við aðildarsveitarfélög. Formanni einnig falið að fylgja því eftir að sótt verði um endurkræfan virðisaukaskatt af sérfræðiþjónustu á árinu 2023.

2. Önnur mál

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði 26. apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Haraldur Þór Jónsson
Kt. 2705765089
Dags. 17.4.2024 22:00:32
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 16.4.2024 11:54:45
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Helgi Kjartansson
Kt. 0211715499
Dags. 16.4.2024 12:07:01
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Aldís Hafsteinsdóttir
Kt. 2112645009
Dags. 16.4.2024 16:17:06
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Ása Valdís Árnadóttir
Kt. 3004825119
Dags. 16.4.2024 17:34:13
Ástæða: Undirritun

Skóla- og velferðarþjónusta
Árnes bs.

Ársreikningur 2023

Skóla- og velferðarþjónusta Árnes bs.
Launrétt 6
806 Selfoss

kt. 570921-1180

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Skóla- og velferðarþjónusta Árnes er byggðasamlag rekið sameiginlega af Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Byggðasamlagið sér um ýmis lögboðin verkefni sem tengjast skóla- og velferðarþjónustu þessarra sveitarfélaga.

Rekstrartekjur byggðasamlagsins námu 127,7 millj. kr. á árinu 2023.

Á árinu voru 6,2 stöðugildi hjá byggðasamlaginu auk stjórnarfólks og námu launagreiðslur 68,2 millj. kr. Að auki voru greiddar 16,6 millj. kr. í launatengd gjöld.

Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags.

Stjórnendur Skóla- og velferðarþjónustu Árness staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Selfossi, 15. apríl 2024

Í stjórn Skóla- og velferðarþjónustunnar:

Aldís Hafsteinsdóttir
Ása Valdís Árnadóttir
Haraldur Þór Jónsson
Helgi Kjartansson
Hulda Kristjánsdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi 15. apríl 2024 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Ása Valdís Árnadóttir

Kt. 3004825119

Dags. 15.4.2024 16:29:39

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Hulda Kristjánsdóttir

Kt. 3001843249

Dags. 15.4.2024 12:43:38

Ástæða: Undirritun

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnes hs. 2023

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Haraldur Þór Jónsson

Kt. 2705765089

Dags. 15.4.2024 13:19:35

Ástæða: Undirritun

3

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Aldís Hafsteinsdóttir

Kt. 2112645009

Dags. 15.4.2024 13:36:04

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Helgi Kjartansson

Kt. 0211715499

Dags. 15.4.2024 13:49:41

Ástæða: Undirritun

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnes bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skóla- og velferðarþjónustu Árnes bs. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu byggðasamlagsins 31. desember 2023 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni*. Við erum óháð byggðasamlaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber skólanefnd að leggja mat á rekstrarhæfi byggðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa byggðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við töljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 15. apríl 2024

KPMG ehf.

Friðrik Einarsson

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023
Rekstrartekjur		
Framlög sveitarfélaga	4	<u>127.741.710</u> <u>127.741.710</u>
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	5	91.685.507
Annar rekstrarkostnaður		<u>36.493.302</u> <u>128.178.809</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(437.099)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur		569.330
Fjármagnstekjuskattur		(<u>132.231</u>) <u>437.099</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023
Veltufjármunir		
Kröfur á aðildarsveitarfélög	6	7.618.414
Aðrar skammtímakröfur		935.017
Handbært fé		5.485.456
Veltufjármunir samtals		<u>14.038.887</u>
Eignir samtals		<u>14.038.887</u>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir		797.268
Skuldir við aðildarsveitarfélög	6	3.476.167
Aðrar skammtímaskuldir		9.765.452
Skammtímaskuldir samtals		<u>14.038.887</u>
Skuldir samtals		<u>14.038.887</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>14.038.887</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarniðurstaða ársins		0
	Veltufé frá rekstri	0
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:		
Skammtímakröfur, hækkun	(8.553.431)	
Skammtímaskuldir, hækkun	14.038.887	
	Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	5.485.456
	Handbært fé frá rekstri	5.485.456
Breyting á handbæru fé		5.485.456
Handbært fé í ársbyrjun		0
Handbært fé í lok ársins		5.485.456

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Skóla- og velferðarþjónusta Árnes bs. er byggðasamlag rekið sameiginlega af Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Byggðasamlagið sér um ýmis lögboðin verkefni sem tengjast skóla- og velferðarþjónustu þessarra sveitarfélaga.

Skráð aðsetur byggðasamlagsins er að Launrétt 6, 806 Selfossi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

3. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

4. Framlög aðildarsveitarfélaga

Framlög aðildarsveitarfélaga vegna velferðarþjónustu greiðast í hlutfalli við íbúatölu 1. janúar næstliðins árs. Framlög vegna skólaþjónustu greiðast í hlutfalli við nemendafjölda í skólum viðkomandi aðildarsveitarfélags miðað við 1. janúar næstliðins árs.

Skólaþjónusta	Hlutfall	Framlög
Bláskógabyggð	32%	18.349.632
Flóahreppur	25%	14.015.800
Grímsnes- og Grafningshreppur	12%	7.007.900
Hrunamannahreppur	17%	9.866.385
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	13%	7.468.946
	100%	56.708.663

Velferðarþjónusta	Hlutfall	Framlög
Bláskógabyggð	32%	22.879.290
Flóahreppur	18%	12.655.108
Grímsnes- og Grafningshreppur	13%	9.562.828
Hrunamannahreppur	22%	15.622.265
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	15%	10.313.555
	100%	71.033.047

5. Laun og launatengd gjöld

	2023
Laun	68.218.185
Mótframlag í lífeyrissjóð	9.003.791
Sjóðagjöld	2.346.186
Tryggingargjald	5.213.041
Afallið orlof, breyting	6.904.304
	91.685.507
Ársverk	6,2

Skýringar, frh.

6. Staða við tengda aðila	Kröfur	Skuldir
Bláskógabyggð.....	3.919.416	0
Flóahreppur.....	3.698.998	0
Grímsnes- og Grafningshreppur.....	0	1.324.367
Hrunamannahreppur.....	0	1.234.147
Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....	0	917.653
	<u>7.618.414</u>	<u>3.476.167</u>

Arni Eiríksson

Arni Eiríksson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE 10.4.2024 09:24:37 GMT

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Guðný Birna Guðmundsdóttir
Reason: Signature

Einar Kristján Jónsson

Einar Kristján Jónsson
Reason: Signature

Ása Valdís Árnadóttir

Ása Valdís Árnadóttir
Reason: Signature

Jónína Brynjólfsdóttir

Jónína Brynjólfsdóttir
Reason: Signature

Fundargerð 70. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, fimmtudaginn 21. mars kl. 12:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skattlagning orkuvinnslu - 2402001SO

Formaður kynnti bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. mars 2024 um skattlagningu orkuvinnslu:

„Stjórn sambandsins fagnar því að fram séu komnar tillögur um breytingar á skattlagningu orkuvinnslu. Mikilvægt er að í kjölfarið verði mótað frumvarp þar sem málið er nánar útfært og hvetur stjórn fjármála- og efnahagsráðherra til að ganga hratt til verks í þeim efnum. Við þá vinnu sé mikilvægt að áfram verði haftgott samráð við sveitarfélögin og vinna að breiðri samstöðu um málið.“

Rætt var um næstu skref samtakanna varðandi skattlagningu orkuvinnslu.

Stjórn samþykkir að fela formanni að ræða við Samband íslenskra sveitarfélaga um sameiginlega kynningu fyrir sveitarfélögin á tillögum starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu.

2. Samtök orkusveitarfélaga - ársreikningur 2023 - 2403001SO

Ársreikningur samtakanna vegna ársins 2023 lagður fram til kynningar.

Stjórn samþykkir að vísa ársreikningnum til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum og til kynningar hjá aðildarfélögum, sbr. samþykktir samtakanna.

3. Áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun - 2202003SO

Lagt fram til kynningar „Áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun“.

Stjórn samþykkir að fela formanni að ræða við Samband íslenskra sveitarfélaga um sameiginlega aðkomu að málinu.

4. **Orkufundur 2024 - 2403002SO**

Stjórn samþykkir að halda Orkufund, föstudaginn 3. maí 2024 á Egilsstöðum (með þeim fyrirvara að dagsetning gæti breyst). Stjórnin felur Ásu Valdísi og Jónínu til sjá um undirbúning og koma með drög að dagskrá.

5. **Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2024 - 2403003SO**

Stjórn samþykkir að halda aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga, miðvikudaginn 9. október 2024.

6. **Næstu fundir stjórnar - 2011004SO**

Lögð var fram áætlun um næstu fundi stjórnar.

8. apríl 2024

22. apríl 2024

Áætlun samþykkt.

Fundi var slitið kl. 14:00

Knútur Emil Jónasson

Knútur Emil Jónasson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE

22.4.2024 14:06:44 GMT

Einar Kristján Jónsson

Einar Kristján Jónsson
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE

22.4.2024 14:08:11 GMT

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Guðný Birna Guðmundsdóttir
Reason: Signature

DIGITAL SIGNATURE

24.4.2024 10:50:37 GMT

Ása Valdís Árnadóttir

Ása Valdís Árnadóttir
Reason: Signature

Árni Eiríksson

Árni Eiríksson
Reason: Signature

Jónína Brynjólfsdóttir

Jónína Brynjólfsdóttir
Reason: Signature

Grétar Ingi Erlendsson

Grétar Ingi Erlendsson
Reason: Signature

Fundargerð 71. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, mánudaginn 8. apríl kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason, lögfræðingur hjá GB Stjórnsýsluráðgjöf og Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2023 - 2403001SO**

Ársreikningur 2023 lagður fram til samþykktar.

Stjórn samþykkir ársreikning 2023.

Stjórnin vill koma á framfæri skýringum á hækkun útgjalda á síðasta ári umfram það sem áætlanir gerði ráð fyrir. Skýrist það m.a. af eftirfarandi:

Kaup á sérfræðivinnu vegna stefnumörkunarvinnu SO.

Fundarhöld og kynningar á stefnumörkun SO.

Sérstakri starfsnefnd var komið á fót sem hafði það hlutverk að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu.

Stjórnarfundir voru á síðasta ári um það bil tvöfalt fleiri en árið þar á undan vegna mikilla umsvifa í málum tengdum orkusveitarfélögunum.

2. **Orkufundur 2024 - 2403002SO**

Stjórn samþykkir að halda Orkufund 31 maí nk. kl. 13 - 15. Fundarefnið verði um flutningsmannvirki á raforku.

3. **Kynningarfundur um skýrslu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu - 2402001SO**

Sameiginlegur kynningarfundur Samtaka orkusveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skýrslu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu verður haldinn 22 apríl nk. klukkan 11:00 á Teams.

4. **Fræðsluferð stjórnar á Austurland - 2011004SO**

Stjórn leggur til að stjórnin fari í fræðsluferð á Austurland 2-3 maí nk.

5. **Ákall eftir sjónarmiðum vegna endurskoðunar laga um verndar- og orkunýtingaráætlun - 2202003SO**

Guðjón Bragason fór yfir vinnuskjal þar sem dregnar voru fram breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun frá því frumvarpið var kynnt í samráðsgátt.

Stjórn samþykkir að fela Guðjóni að gera drög að umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Fundi var slitið kl. 10:00



Fundargerð stjórnar SOS nr. 325

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 16. apríl kl. 15:00.

Mætt voru Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB) Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS) í fjarbundarbúnaði, sem ritaði fundargerð. Þá mættu á fundinn Árni Eiríksson, fulltrúi í stjórn Orkugerðarinnar ehf. og Steinþór Skúlason, stjórnarformaður Orkugerðarinnar ehf.

1. Orkugerðin – Staða mála og framtíðarhorfur

Árni Eiríksson og Steinþór Skúlason fara yfir stöðu mála og framtíðarhorfur hjá Orkugerðinni og þær fjárfestingar og framkvæmdir sem hafa verið í vinnslu undanfarin misseri til eflingar starfseminni, þ.e. stækkun húsnæðis og kaup á nýjum búnaði til að auka afköst og svara þannig aukinni eftirspurn í vinnslu afurða. Fram kom að áætlað er að stækkunin verði tekin í notkun í maí 2024.

Farið yfir stöðu mála almennt varðandi úrgang í categoriu 1, brennslu dýraafurða. Formanni falið að óska eftir samráði við viðkomandi ráðuneyti við áframhaldandi vinnslu tillagna að útfærslu fyrir samræmt söfnunarkerfi fyrir dýraleifar á þeim vettvangi. Áriðandi er að koma sjónarmiðum aðildarfélaga SOS að borðinu við þessa vinnu enda er Suðurland stærsta landbúnaðarhéraðið og hafa sveitarfélög á svæðinu mikilla hagsmuna að gæta í þessum málaflokki.

2. Önnur mál

Stjórn hefur verið boðin þátttaka í fræðsluferð til Kaupmannahafnar um úrgangsmál síðar í apríl. Því miður sér stjórn sér ekki fært að senda fulltrúa í ferðina vegna skamms fyrirvara en þakkar fyrir boðið. Formaður stjórnar SOS mun fara í umrædda ferð á vegum Rangárþings eystra.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur stjórnar verði haldinn þann 14. maí kl. 14:00.

Fundi slitið klukkan 16:10.

71. stjórnarfundur Bergrisans bs

18.03.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 14:00

Fundinn sátu: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður, Sandra Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson og Elliði Vignisson. Ása Valdís Árnadóttir var fjarverandi
Úr þjónusturáði voru Svava Davíðsdóttir, Sigprúður Birta Jónsdóttir, Anný Ingimarsdóttir og Erna Harðar Sólveigardóttir.
Frá Bergrisanum voru Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson
Gestir undir fyrsta lið voru Ásta Stefánsdóttir og Hermann Sæmundsson

Dagskrá

1. Samningur við Sólheima

Nýr samningur um áframhaldandi þjónustu við fatlaða einstaklinga sem hafa búsetu á Sólheimum er lagður fyrir stjórn til kynningar og samþykktar. Ásta Stefánsdóttir og Hermann Sæmundsson komu inn á fundinn og kynntu samninginn. Stjórn samþykkir samningsdrögin og felur stjórnarformanni að ganga frá samningi og undirritun.

2. Aðgerðaráætlun um búsetu fatlaðs fólks (stofnun nýs úrræðis og Skaftholt)

Verkefnastjóri fór yfir aðgerðaráætlun um búsetuúrræði fyrir fatlað fólk. M.a. kom fram eftirfarandi:

- Verkefnastjóri leggur til við stjórn að gengið verði til samninga við Skaftholt til tveggja ára og tekið verði mið af samningnum við Sólheima. Jafnframt að forsendur biðlista um búsetuúrræði taki mið af þessari tillögu.
- Verkefnastjóri leggur til að stjórn óski eftir samstarfi við Arnardrang hses. um uppbyggingu á sértæku húsnæðisúrræði á Hvolsvelli á árinu 2024 og er þá miðað við að þjónusta geti hafist á árinu 2025.

Stjórn samþykkir þessar tillögur og að verkefnastjóri vinni áfram að framlagðri aðgerðaráætlun.

3. Tillaga um endurgreiðslu v/þjónustu við skólabörn árið 2023

Bergrisinn fékk viðbótarfjármagn vegna sértækrar þjónustu við fötluð börn í skólum árið 2023. Lögð er fram tillaga um að greiða áfram þetta viðbótarfjármagn til sveitarfélaganna og rúmast greiðslan innan afkomu ársins 2023. Greiður verða þá eftirfarandi:

Árborg kr. 163.495.944

Ölfus kr. 16.673.785

Hveragerðisbær kr. 4.802.818

Flóahreppur kr. 10.406.106

Rangárþing ytra kr. 4.642.725

Mýrdalshreppur kr. 15.425.852

Stjórn samþykkir að greiða skv. þessum lista

4. Uppjör vegna reksturs Fögrubrekku árið 2023(Sólheimar)

Borist hefur beiðni frá framkvæmdastjóra Sólheima ses um aukið rekstrarframlag vegna reksturs íbúðakjarna við Fögrubrekku á árinu 2023. Rekstrarhallinn nemur kr. 3.617.480 og kemur til vegna ófyrirséðra útgjalda vegna starfsmannamála.

Stjórn samþykkir þessa viðbótargreiðslu

5. Veiting prókúru til skrifstofustjóra

Lagt er fyrir stjórn að samþykkja að Bjarki R. Kristjánsson, kt. 111283-2149, verði prókúruhafi félagsins ásamt stjórnarformanni. Jafnframt er lagt til að önnur umboð verði afturkölluð

Stjórn samþykkir tillöguna

6. Ýmis rekstrarmál

Skrifstofustjóri fór yfir og kynnti hugmyndir og tillögur um frekari aðskilnað frá sveitarfélaginu Árborg í kerfum og rekstri, s.s. bókhaldi, launakerfi, lén og netföng, skjalakerfi, sharepoint svæði stjórnar og rafrænum undirskriftum. Jafnframt þarf að skoða birtingu á gæðahandbók

Skrifstofustjóri leggur jafnframt fyrir stjórn að ræða og ákveða hvort þörf þyki á að efla opinbera ásýnd Bergrisans með ýmsum hætti, s.s.

- gera einkennismerki (logo) fyrir starfseminu, hvort sem er myndmerki eða orðmerki
- aukaorðmerki/slagorð fyrir starfseminu, hvort sem er hluti af aðaleinkennismerki eða sjálfstætt

Stjórn samþykkir að verkefnastjóri og skrifstofustjóri hafi heimild til að vinna að ofangreindu eins og þurfa þykir.

7. Önnur mál


Engin önnur mál

Næsti fundur áætlaður 15. apríl

Fundi slitið klukkan 15:00


Undirritunarsíða

Stjórnarformaður
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir




Undirritað af:
Fjóla Steindóra
Kristinsdóttir
2702725849
Dags: 16.04.2024
Tími: 23:36:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb6916ad-
a5a9-40b6-b14e-
217fc0c7c95e

Anton Kári Halldórsson




Undirritað af:
Anton Kári Halldórsson
0305833539
Dags: 12.04.2024
Tími: 13:55:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb6916ad-
a5a9-40b6-b14e-
217fc0c7c95e

Elliði Vignisson



Undirritað af:
Elliði Vignisson
2804695649
Dags: 19.04.2024
Tími: 10:41:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb6916ad-
a5a9-40b6-b14e-
217fc0c7c95e

Sandra Sigurðardóttir



Undirritað af:
Sandra Sigurðardóttir
0602834949
Dags: 11.04.2024
Tími: 14:54:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: bb6916ad-
a5a9-40b6-b14e-
217fc0c7c95e

Fundargerð 947. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 19. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 946. fundar - 2309033SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 946. fundar stjórnar sambandsins frá 5. apríl 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Endurmörkun sambandsins - 2401009SA

Á fundinum verða lagðar fram tillögur að endurmörkun sambandsins, áður á dagskrá stjórnar sambandsins 12. janúar 2024, en þá var samskiptastjóra falið að vinna að endurmörkun í samvinnu við framkvæmdastjóra og koma með tillögur inn á fund stjórnar. Ragnar Jónsson og Ívar Björnsson frá Tvíst auglýsingastofu komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir tillögunni.

Stjórn þakkar fyrir góða kynningu og samþykkir tillögu að endurmörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi í Hveragerði og formaður stafræns ráðs sveitarfélaga, kom inn á fundinn undir lið 3 og 4.

3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lagðar fram fundargerðir 23., 24., 25., 26. og 27. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 15. nóvember 2023, 17. janúar og 21. febrúar, 20. mars og 17. apríl 2024.

4. Viljayfirlýsing um samræmt verklag sveitarfélaga í byggingarmálum - 2403016SA

Lögð fram til kynningar viljayfirlýsing Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stafræns Íslands og Reykjavíkurborgar, dags. 2. apríl 2024, um samræmt verklag sveitarfélaga í byggingarmálum.

5. **Starfsáætlun sambandsins 2024 - 2312016SA**

Lögð fram til afgreiðslu starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2024.

Stjórn samþykkir starfsáætlun Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024.

6. **Samkomulag ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál - 2009616SA**

Lagt fram samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2025-2029 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Einnig lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað samráðsnefndar um opinber fjármál til Jónsmessunefndar um áætlaða afkomu sveitarfélaga 2025-2029.

Í tengslum við undirritun samkomulags um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2025-2029 vill stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga áréttta að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga markast af áralöngum hallarekstri sem, eins og margoft hefur komið fram, má að stórum hluta rekja til vaxandi útgjalda vegna málaflokks fatlaðs fólks. Í desember sl. var undirritað samkomulag um breytingu á fjárhagsramma þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk sem var áfangi á þeirri leið að ná sátt um fjármögnun málaflokksins. Ennþá er þó margt óunnið og mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni þétt saman að því að tryggja málaflokki fullnægjandi fjármögnun. Jafnframt ítrekað stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga mikilvægi þess að áfram verði unnið að endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga með það að markmiði að þeir verði breikkaðir og styrktir svo að þeir geti raunverulega staðið undir þeirri þjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að veita. Á sama tíma og gert er ráð fyrir hóflegum fjárfestingum þá er verið að kallað eftir aukinni fjárfestingu m.a. hvað varðar húsnæðisuppbyggingu með tilheyrandi innviðaupbyggingu en víða eru sveitarfélög nú þegar í innviðaskuld. Nauðsynlegt er að leggja mat á raunverulega fjárfestingaþörf sveitarfélaganna. Sambandið leggur því áherslu á að áfram verði unnið markvisst að þeim fjölmörgu umbótaverkefnum sem samkomulagið kveður á um svo tryggja megi raunverulegan ávinning og árangur þess.

7. **Fundir Jónsmessunefndar - 2401003SA**

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 10. janúar, 8. febrúar, 25. apríl, 10. maí, 14. júní, 9. október, 8. og 22. nóvember 2023 og 10. janúar og 2. apríl 2024.

8. **Staða kjaramála - 2301032SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerir grein fyrir stöðu kjaramála í apríl 2024.

9. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 95. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 13. mars 2024.

10. **Velferðarvaktin - 2009312SA**

Lagt fram bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 28. febrúar 2024, um stöðu tekjuminni hópa á húsnæðismarkaði.

Walter Fannar Kristjánsson vék af fundi kl. 14:40.

11. **Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2301022SA**
Endurskoðun á eftirlitskerfi með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.
Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir að þörf sé á að ráðist verði í heildstæða endurskoðun á núverandi eftirlitskerfi með hollustuháttum og mengunarvörnum. Við þá endurskoðun sé mikilvægt að greina kosti og galla enda eru þau gögn sem liggja fyrir í dag ekki fullnægjandi til að sveitarfélög geti tekið afstöðu til mögulegra breytinga á eftirlitskerfinu. Þegar sú greining liggur fyrir sé jafnframt mikilvægt að hún sé kynnt vel fyrir sveitarstjórnnum svo þau geti tekið upplýsta afstöðu til málsins.
12. **Tillaga til landsþings - 2304024SA**
Lögð fram tillaga fulltrúa Skagafjarðar, Húnabyggðar, Húnaþings vestra, Skagastrandar og Skagabyggðar sem kynnt var á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 14. mars 2024.
Stjórn þakkar fyrir brýninguna og tekur undir að það er mikilvægt að þessari mikilvægu vinnu verði lokið eigi síðar en 1. júní 2024.
13. **Endurskoðun á byggingarreglugerð - 2404022SA**
Endurskoðun á fyrirkomulagi byggingareftirlits.
Í tengslum við yfirstandandi endurskoðun á fyrirkomulagi byggingareftirlits, sem er hluti af aðgerðaáætlun við rammasamning sambandsins og ríkisins í húsnæðismálum, leggur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áherslu á að hugmyndir að breytingum verði kynntar vel fyrir sveitarstjórnnum svo að þau geti tekið upplýsta afstöðu til málsins.
14. **Fundargerð XXXIX. landsþings sambandsins - 2304024SA**
Lögð fram til kynningar fundargerð XXXIX. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var í Silfurbergi í Hörpu í Reykjavík, 14. mars 2024.
15. **Tilnefning í starfshóp til að vinna að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk - 2402024SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 19. mars 2024, þar sem Ólafur Garðar Rósinkarsson, teymisstjóri í málefnum fatlaðra hjá Reykjanesbæ, er tilnefndur í starfshóp til að vinna að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk.
16. **Tilnefning í stjórn Vinnueftirlits ríkisins 2024-2028 - 2403018SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 2. apríl 2024, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins, og Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar sveitarfélaga, eru tilnefnd í stjórn Vinnueftirlits ríkisins.

17. **Endurtilnefning í stýrihóp um framfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni - 2103036SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 2. apríl 2024, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp um framfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025.
18. **Tilnefning í fagráð um umferðarmál - 2402035SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 3. apríl 2024, þar sem Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð, og Helgi Kjartansson, oddviti í Bláskógabyggð, eru tilnefnd í fagráð um umferðarmál. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
19. **Tilnefning í starfshóp um einn feril húsnæðisuppbyggingar - 2403030SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 3. apríl 2024, þar sem Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., er tilnefndur í starfshóp um einn feril húsnæðisuppbyggingar.
20. **Tilnefning í starfshóp um innviðaleið - 2403014SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 4. apríl 2024, þar sem Ívar Karl Hafliðason, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi og Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, eru tilnefnd í starfshóp um innviðaleið.
21. **Skipun í faggildingarráð - 2310013SA**
Lagt fram til kynningar bréf menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 8. mars 2024, þar sem Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri Matvælaeftirlitsins er skipaður í faggildingarráð.
22. **Tilnefning í stýrihóp um eftirlitskerfi með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2403038SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 9. apríl 2024, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, er tilnefnd í stýrihóp um eftirlitskerfi með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum.
23. **Tilnefning í loftslagsráð - 2403023SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 9. apríl 2024, þar sem Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðarbæjar, Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar og Stefán Þór Eysteinnsson, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar eru tilnefnd í loftslagsráð.

24. **Umsögn um drög að stefnu um sjálfbæra þróun til 2030 hvítbók - 2403024SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 19. mars 2024, um drög að stefnu um sjálfbæra þróun til 2030 (hvítbók), S-59/2024. mál.
25. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta - starfslok óbyggðanefndar - 2403033SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 21. mars 2024, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 (starfslok óbyggðanefndar. 737. mál, ásamt fylgiskjali.
26. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um námsgögn - 2403035SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 25. mars 2024, um drög að frumvarpi til laga um námsgögn, mál nr. S-74/2024.
27. **Umsögn um frumvarp til sóttvarnarlaga - 2404004SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefnd Alþingis, dags. 8. apríl 2024, um frumvarp til sóttvarnarlaga, 867. mál.
28. **Umsögn um frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila - 2404008SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 9. apríl 2024, um frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila, 705. mál, ásamt fylgiskjali.

Fundi var slitið kl. 15:05.



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

32. fundur haldinn að Hótel Hill á Flúðum í Hrunamannahreppi 9. apríl 2024

1. Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða.

Formaður leitar afbrigða að taka á dagskrá umræður um verknámshús við Fjölbrautaskóla Suðurlands og er það samþykkt samhljóða.

Síðan er gengið til dagskrár.

2. Kosning kjörnefndar

Formaður leggur fram svohljóðandi tillögu að kjörnefnd.

<i>Kjörnefnd</i>	<i>Sveitarfélag</i>
Brynhildur Jónsdóttir,	Sveitarfélagið Árborg
Jón Bjarnason,	Hrunamannahreppur
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,	Hveragerðisbæ

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörnefnd þegar til starfa.

3. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar

Helgi Kjartansson, formaður fer yfir fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 15 frá 2. október, nr. 16 frá 10. nóvember, nr. 17 frá 5. mars, nr. 18 frá 19. mars og 31. fundargerð héraðsnefndar frá 10. október.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fundargerðir eru bornar upp til samþykktar og samþykktar samhljóða.

4. Kosningar í framkvæmdastjórn og nefndir skv. samþykktum HÁ

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir tekur til máls fyrir hönd kjörnefndar.

Lagt er til að Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð verði formaður fulltrúaráðs er það samþykkt samhljóða.

Lagt er til að Kjartan Björnsson, Sveitarfélaginu Árborg verði varaformaður fulltrúaráðs. Er það samþykkt samhljóða.

Lagt er til og samþykkt samhljóða að framkvæmdastjórn verði skipuð eftirfarandi aðilum:

Helgi Kjartansson, formaður, Bláskógabyggð

Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus

Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg

Sandra Sigurðardóttir, Hveragerðisbær

Til vara:

Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus

Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerðisbæ

Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur

Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg

Skipan þriggja manna stjórnar og varamanna fyrir stofnanir nema fimm manna stjórn og varamanna fyrir Brunavarnir Árnessýslu.

Eftirfarandi tillögur um stjórnir á vegum Héraðsnefndar Árnesinga bs. eru samþykktar samhljóða.

a) Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga

Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg formaður

Erla Sif Markúsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Bláskógabyggð

Til vara:

Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg

Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur

Hrönn Guðmundsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

b) Stjórn Byggðasafns Árnesinga

Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði, formaður

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Pórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg

Til vara:

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði

Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur

Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

c) Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga

Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus, formaður

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur

Til vara:

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Walter Fannar Kristjánsson, Flóahreppur

d) Stjórn Listasafns Árnesinga

Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg, formaður

Bjarni H. Ásbjörnsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Njörður Sigurðsson, Hveragerðisbær

Til vara:

Bjarney Vignisdóttir, Hrunamannahreppur

Halldór Benjamín Hreinsson, Hveragerðisbær

Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg

e) Stjórn Brunavarna Árnessýslu

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð, formaður

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerðisbær

Til vara:

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða og Gnúpverjahreppur

Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur

Sandra Sigurðardóttir, Hveragerðisbær

Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

5. Tónlistarskóli Árneseinga

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri og Jóhann Stefánsson, aðstoðarskólastjóri koma inn á fundinn.

Helga fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerð stjórnar er lögð fram til kynningar.

Helga fer yfir starf vetrarins. Haldin voru fjölmörg endurmenntunarnámskeið m.a. á vegum Barnaheilla “Verndarar barna” og prófdómaranámskeið fyrir kennara.

Í upphafi skólaárs var tekið í notkun nýtt skráningarkerfi fyrir tónlistarskóla SpeedAdmin en greiðslukerfið er áfram í SportAblar.

Unnið er að endurskoðun á aðalnámskrá í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Blásaramót var haldið í Vestmannaeyjum og strengjamót á Akureyri og fóru nemendur frá skólanum á bæði þessi mót. Þrír nemendur frá skólanum spiluðu með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og munu fimm nemendur spila með sveitinni á tónleikum á komandi hausti.

Haldnir hafa verið fjölmargir tónleikar á skólaárinu m.a. í nýjum sal Stekkjaskóla. Fer hún yfir hausttónleika sem haldnir hafa verið víða um sýsluna. Þrír nemendur eru að klára framhaldspróf frá skólanum nú í vor.

Kennarar skólans hafa heimsótt alla grunnskóla í sýslunni og verið með hljóðfærakynningu en hver skóli er heimsóttur fimm sinnum. Einnig hefur stjórn TÁ heimsótt alla kennslustaði á skólaárinu.

Skólinn hefur fengið heimsóknir frá innlendum og erlendum aðilum og en bæði kennarar og nemendur eru að heimsækja skólann.

Framundan eru nótutónleikar, framhaldsprófstónleikar, Eurovision-þematónleikar, smiðjuvika og skólaslit.

Að lokum sýnir hún upptöku af jólakveðju tónlistarskólans frá því í desember 2023.

Til máls taka auk formanns Smári Bergmann Kolbeinsson, Kjartan Björnsson, Grétar Ingi Erlendsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Álfheimur Eymarsdóttir, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Haraldur Jónsson.

Vorfundur Héraðsnefndar Árneseinga samþykkir að stjórn Tónlistarskóla Árneseinga taki ákvörðun um skólagjöld næsta skólaárs í samræmi við umræður á fundinum og í samvinnu við stjórnendur skólans.

6. Listasafn Árnesinga

Kristín Scheving fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerð stjórnar er lögð fram til kynningar.

Kristín ræðir um lagfæringar sem þarf að fara í á þaki safnsins en unnið er að því að fá aðila í verkið.

Kynnir hún starf safnsins og sýningar. Sýningin Hornsteinn var 60 ára afmælisýning safnsins. Sýningin var vel sótt og almenn ánægja með hana. Hún segir stefnu þeirra að hafa hverja sýningu lengi uppi enda er mikil vinna lögð í hverja sýningu. Það eru margir sem koma að hverri sýningu bæði sjálfboðaliðar og einnig er þjónusta sem greitt er fyrir.

Við opnun á tveimur sýningum á árinu voru gular veðurviðvaranir en þrátt fyrir það var mjög góð aðsókn á opnanirnar, það segir mikið um safnið. Barnamenningarsjóður styrkti safnið og náðu starfsmenn safnsins að fara í alla grunnskóla í Árnessýslu og kynna safnið fyrir nemendum. Það er mikilvægt að ná að kynna listina fyrir ungum aðilum.

Sýningin Ásgrímsleiðin sló í gegn en hún er unnin í samstarfi við Byggðasafni Árnesinga og verður sú sýning áfram. Prentaðir voru út límmiðar með QR kóða vegna Ásgrímsleiðarinnar en aðilar hafa verið duglegir að grípa þá með og setja þá á áberandi staði hér innan lands og út um allan heim. Sýningar Jakobs Veigars og Ragnheiðar Jónsdóttur hafa einnig slegið í gegn enda báðar mjög glæsilegar.

Alþjóðlegir starfsnemar hafa verið við vinna á safninu og er von á fleirum á þessu ári. Á safninu hafa verið haldnir tónleikar og er fólk að koma og njóta þeirra, einnig er fólk að koma við og fá sér kaffi á kaffihúsi safnsins. Safnabúðin hefur gegnið mjög vel en þar má finna ýmsar vörur úr Árnessýslu, bækur og aðrar gjafavörur. Unnið er að lagfæringu á útisvæðinu við safnið í samvinnu við Garðyrkjuskólanum á Reykjum og er lokaverkefni nemenda við skólann. Safnið hefur fengið mjög góða umfjöllun bæði í blöðum og öðrum miðlum. Sýning Ragnheiðar Jónsdóttur var valin ein af fimm bestu myndlistarsýningum 2023 af Kosmos/Kaos.

Til máls taka auk formanns Grétar Ingi Erlendsson, Álfheiður Eymarsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Haraldur Jónsson og Kjartan Björnsson.

Málefni Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, tekur til máls og ræðir um stækkun verknámshúss við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Jóhanna velti upp þeirri hugmynd hvort að sveitarfélögin ættu að leggja fyrir fjármagn, eins og fordæmi er fyrir og gert var vegna byggingar núverandi verknámshúss Hamars, sem yrði nýtt þegar verkefnið fer af stað.

Til máls taka auk formanns Álfheiður Eymarsdóttir, Kjartan Björnsson, Haraldur Jónsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Arna Ír Gunnardóttir, Árni Eiríksson og Bragi Bjarnason.

Fundarmenn voru sammála um ræða málið frekar á haustfundi Héraðsnefndar.

7. Byggðasafn Árnesinga

Lýður Pálsson, fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.

Lýður ræðir um nauðsyn þess að gera nýja grunnsýningu fyrir Byggðasafn Árnesinga í Assistentahúsinu.

Sýningin sem þar er hefur verið uppi síðan 1995. Það er mikilvægt að endurnýja grunnsýningar en hann sér fyrir sér að sækja um styrk í Safnaráð. Þetta verkefni þarf að vinna með utan að komandi hönnunar aðilum, eins þarf að skoða hvað verður farið langt í tæknimálum.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á Húsinu sjálfu, borðstofan er mikilvægur þáttur í starfi safnsins.

Sýningar sem hafa verið í gangi á árinu eru sýningin um Ásgrím í samstarfi við Listasafn Árnesinga, sýningarnar, 70 sögur af safni og Ef garðálfar gætu talað hafa einnig gengið vel. Fer hann yfir gestafjölda safnsins árið 2023 og voru 6.450 heimsóknir skráðar í safnið. Heimsóknir frá erlendum gestum hefur fjölgað en einnig er mikið um skólaheimsóknir.

Safnið er að nota fjölmarga miðla og eru þau dugleg að setja inn upplýsingar um viðburði og annað. Einnig er verið að hanna kynningarbækling.

Ræðir hann um minjasafnið í Gröf sem er á Flúðum en rætt hefur verið um að koma safninu í samstarf við Byggðasafn Árnesinga, það þarf að huga að því að koma safninu í varðveislu.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson, Álfheiður Eymarsdóttir og Sigurjón Vídalín Guðmundsson.

8. Brunavarnir Árnesinga

Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir koma inn á fundinn.

Pétur fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.

Pétur segir frá því að BÁ hafi verið að fá Jafnlaunavottun.

Fer hann yfir útkallstölur ársins 2023. Fjöldi útkalla á stöðvar eru 439 og forgangskiptingin F1 6% (þá er líf í bráðri hættu), F2 34% og F3 60%. Unnar klst. í útköllum eru 5.216 en meðaltal klst. í útköllum er 11,9 klst.

Fer hann yfir verkefni sem unnin hafa verið á árinu. Meta þarf aðstæður í hverju útkalli fyrir sig. Aðkoma á slyssað þarf ekki endilega að segja til um hversu alvarlegt útkallið er. Ræðir hann um

bruna sem hafa komið upp á árinu en þeir eru misflóknir og eru eldhreiðrin alltaf hættuleg. Ræðir hann um bruna í sumarhúsum, það getur verið erfitt að komast í vatn í sumarhúsaþverfum og eins getur aðkoma að húsunum verið erfið.

Slökkviliðsmenn þurfa að standast læknisskoðun einu sinni á ári.

Brunavarnir Árnassýslu hafa unnið með Grindvíkingum við gosið og hefur sú samvinna verið góð og er góð reynsla en oft hafa aðstæður verið erfiðar.

Ræðir Pétur um tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni en líklegt er að byrjað verði á verkefninu í næstu viku.

Einnig ræðir hann um nýja björgunarmiðstöð á Flúðum en undirrituð hefur verið viljayfirlýsing milli Brunavarna Árnassýslu og Björgunarfélagsins Eyvindar.

Ræðir hann um fyrirhugaða lántöku BÁ.

Til máls taka auk formanns Haraldur Jónsson, Friðrik Sigurbjörnsson, Grétar Ingi Erlendsson, Kjartan Björnsson, Arnar Freyr Ólafsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Smári Bergmann Kolbeinsson og Daði Geir Samúelsson.

Eftirfarandi er bókað um lántöku Brunavarna Árnassýslu 2024

Vorfundur Héraðsnefndar Árnasinga haldinn á Flúðum 9. apríl 2024 samþykkir að fela slökkviliðsstjóra og stjórn Brunavarna að taka lán fyrir fjárfestingum ársins 2024 eins og gert er ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun að upphæð 190 milljónum. Fjárfestingar ársins samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun eru slökkvibifreið fyrir stöðina í Hveragerði fyrir 90 milljónir og fyrir bíla- og tækjageymslur á Laugarvatni fyrir 70 milljónir og á Flúðum fyrir 30 milljónir. Þegar lánakjör m.m. liggja fyrir verða þau send á aðildarsveitarfélög Brunavarna Árnassýslu til samþykktar.

9. Héraðsskjalasafn Árnasinga

Þorsteinn Tryggvi Másson, fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerð stjórnar er lögð fram til kynningar. Fundargerð og samþykkt fulltrúaráðs Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu er lögð fram til kynningar.

Þorsteinn segir að það sem af er ári séu fyrirspurnir og erindi til safnsins orðin 450 og afhendingar 41 sem rúmast á um 30 hillimetrum. Þau búast við afhendingum á árinu upp á um 80 - 100 hillumetra. Það þarf að losa geymslur hjá UTU áður en þau skipta um húsnæði. Þetta eru um fjögur vörubretti sem þarf að koma í tímabundna geymslu, sem ekki er þó fyrir hendi.

Héraðsskjalasafnið þarf meira geymslurými. Ræðir hann um húsnæði sem var boðið á Flúðum, það húsnæði myndi henta vel.

Héraðsskjalasafnið er aðili ásamt öðrum héraðsskjalasöfnun að Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu sem nú þegar er farin að taka á mótí rafrænum afhendingum frá

sveitarfélögum. Það sem af er þessu ári hafa þeir m.a. tekið á móti þremur gagnasöfnum frá Ölfusi. Móttökuskipulagið er gott og það verður auðvelt að leita í þessum gögnum. Unnið er að móttöku málsafns UTU á rafrænt form en um leið verður hægt að létta mjög á geymslunum hjá þeim, við þetta fer hýsingin á nýtt form sem er hagkvæmt fyrir sveitarfélögin. Með móttöku á rafrænu formi má bæta skjalahald á hverjum stað, það verður betri skráning og auðveldara að leita að gögnum.

Til máls taka auk formanns Haraldur Jónsson, Friðrik Sigurbjörnsson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga felur stjórn að huga að geymslu fyrir gögn UTU og að huga að geymsluhúsnæði fyrir safnið.

10. Almannaþingir Árnesinga

Fjóla St. Kristinsdóttir, fer yfir ársreikning. Reikningurinn er lagður fram og staðfestur. Fundargerð almannaþingarnefndar og fundargerð framkvæmdaráðs eru lagðar fram til kynningar.

Til máls taka auk formanns Álfheiður Eymarsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Árni Eiríksson, Kjartan Björnsson og Jón Bjarnason.

11. Ársreikningur Héraðsnefndar 2023

Helgi Kjartansson fer yfir ársreikning. Reikningurinn er lagður fram til staðfestingar.

Formaður gefur orðið laust enginn tekur til máls.

Ársreikningur 2023 lagður fram til samþykktar og undirritaður.

12. Stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnesinga

Á haustfundi Héraðsnefndar 2023 var samþykkt að gerð verði breyting á stjórnskipulagi HÁ með þeim hætti að stofnuð verði byggðasamlög um: brunavarnir, tónlistarskólann og svo eitt byggðasamlag um héraðsskjalasafnið, byggðasafnið og listasafnið.

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögfræðingur, kemur inn á fundinn og fer yfir drög að nýjum samþykktum fyrir Brunavarnir og Tónlistarskólann sem liggja fyrir fundinum. Steinunn svaraði spurningum um þessi samþykktardrög ásamt formanni.

Fundarmenn voru sammála um að vinna þessi samþykktardrög betur eftir umræður fundarins og halda svo í framhaldinu vinnufund með fulltrúum aðildarsveitarfélaganna. Einnig er framkvæmdastjórn falið að ræða við endurskoðendur um þær breytingar sem snúa að rekstri og fjárhagslegum skuldbindingum fyrirhugaðra byggðasamlaga.

Til máls taka auk formanns Álfheiður Eymarsdóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Jónsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Sigurjón

Vídalín Guðmundsson, Grétar Ingi Erlendsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Daði Geir Samúelsson og Kjartan Björnsson.

Fundarslit

Fundi slitið kl. 15:40.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Matthías Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson Hrunamannahreppur, áheyrnafulltrúi
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði
V. Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

Héraðsnefnd
Árnesinga bs.

Ársreikningur 2023

Héraðsnefnd Árnesinga bs.
Austurvegi 2
800 Selfoss
kt. 600289-3069

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun fulltrúaráðs.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun fulltrúaráðs

Héraðsnefnd Árnesinga bs. er byggðasamlag og er verkefni þess að annast yfirstjórn tiltekinna stofnana fyrir hönd sveitarfélaga sem eru aðilar að byggðasamlaginu. Auk þess annast byggðasamlagið önnur verkefni sem aðildarsveitarfélögin fela því.

Aðild að byggðasamlaginu eiga sveitarfélög í Árnessýslu, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Hrunamannahreppur.

Rekstrarniðurstaða byggðasamlagsins á árinu 2023 var neikvæð að fjárhæð 19,8 millj. kr. Eigið fé byggðasamlagsins var neikvætt að fjárhæð 43,6 millj. kr. í árslok 2023 samkvæmt efnahagsreikningi.

Á árinu voru greidd laun að fjárhæð 9,2 millj. kr. auk launatengdra gjalda að fjárhæð 1,7 millj. kr.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Flúðum, 9. apríl 2024.

Fulltrúaráð:

Helgi Hjartansson
Kjartan Björnsson
Aflahtur
Beykudur Jónsbóttur
Sveinn Eir Bergsson
Sigrún Vidalin
Froa H. Gumlahtsdóttir
Þórhildur D. Ingradóttir
Fjárhaldsmaður:
Lingibjörg Guðarsdóttir

Anna Sigríður Ólafsdóttir
Matthías Bjarnason
Anni Þorvaldsson
Guðrún S. Magnúsd.
Smári B. Kolbeinsson
Jónaldur J.
Jónnafríður Jónnafríður
Froelak Sigurðsson
Berntur P. Þorsteinsson
Gréta Friðstavelsson
V. Baldur Guðmundsson
Sandra Sigurðard.
Jóhanna Friðstavelsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til fulltrúaráðs Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Héraðsnefndar Árnesinga bs. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Héraðsnefndar Árnesinga bs. 31. desember 2023 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð Héraðsnefnd Árnesinga bs. í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð fulltrúaráðs og fjárhaldsmanns á ársreikningnum

Fulltrúaráð og fjárhaldsmaður eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber fulltrúaráði að leggja mat á rekstarhæfi Héraðsnefndar Árnesinga bs. og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema það ætli annað hvort að leysa Héraðsnefnd Árnesinga bs. upp eða hætta starfsemi nefndarinnar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Framkvæmdastjórn og fjárhaldsmaður skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits nefndarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun fulltrúaráðs á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi Héraðsnefndar Árnesinga bs. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert Héraðsnefnd Árnesinga bs. órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum fulltrúaráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu fulltrúaráðs sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 9. apríl 2024.

KPMG ehf.

Hrafnildur Helgadóttir

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	Fjárhagsáætlun 2023	2022
Rekstrartekjur				
Framlög aðildarsveitarfélaga	6	210.550.000	210.550.000	166.250.000
		<u>210.550.000</u>	<u>210.550.000</u>	<u>166.250.000</u>
Rekstrargjöld				
Stjórnunarkostnaður	7	14.229.901	10.500.000	8.139.355
Framlög til safna	8	178.700.000	178.700.000	152.400.000
Framlög til FSu	9	35.000.000	35.000.000	32.000.000
Ýmsir styrkir	10	1.850.000	1.850.000	1.850.000
Önnur verkefni	11	910.917	0	438.490
		<u>230.690.818</u>	<u>226.050.000</u>	<u>194.827.845</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(20.140.818)	(15.500.000)	(28.577.845)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur	12	355.870	0	674.920
Vaxtagjöld	13	(589)	0	(478)
		<u>355.281</u>	<u>0</u>	<u>674.442</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	4	(19.785.537)	(15.500.000)	(27.903.403)

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Fastafjármunir			
Langtímakröfur	3	230.348.082	228.547.112
		<u>230.348.082</u>	<u>228.547.112</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur	14	1.561.985	309.619
Handbært fé		2.823.980	26.331.079
Veltufjármunir samtals		<u>4.385.965</u>	<u>26.640.698</u>
Eignir samtals		<u>234.734.047</u>	<u>255.187.810</u>
Eigið fé			
Eigið fé	4	(43.616.767)	(23.831.230)
Eigið fé samtals		<u>(43.616.767)</u>	<u>(23.831.230)</u>
Langtímaskuldir			
Langtímalán	5	251.738.649	253.549.103
Langtímaskuldir samtals		<u>251.738.649</u>	<u>253.549.103</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		7.899	412.899
Næsta árs afborganir langtímalána	5	22.106.678	19.789.631
Aðrar skammtímaskuldir	15	4.497.588	5.267.407
Skammtímaskuldir samtals		<u>26.612.165</u>	<u>25.469.937</u>
Skuldir samtals		<u>278.350.814</u>	<u>279.019.040</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>234.734.047</u>	<u>255.187.810</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstramiðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	4	(19.785.537)	(27.903.403)
Veltufé (til) rekstrar		<u>(19.785.537)</u>	<u>(27.903.403)</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(1.252.366)	2.671.904
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(1.174.819)	94.482
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(2.427.185)</u>	<u>2.766.386</u>
Handbært fé (til) rekstrar		<u>(22.212.722)</u>	<u>(25.137.017)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Greidd vaxtagjöld af láni vegna stofnframlags til FSu	3	(9.561.438)	(9.452.536)
Framlög sveitarfélaga vegna stofnframlags til FSu	3	<u>29.000.000</u>	<u>26.000.000</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>19.438.562</u>	<u>16.547.464</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(20.732.939)	(18.408.045)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(20.732.939)</u>	<u>(18.408.045)</u>
Breyting á handbæru fé		(23.507.099)	(26.997.598)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>26.331.079</u>	<u>53.328.677</u>
Handbært fé í árslok		<u>2.823.980</u>	<u>26.331.079</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2023 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

Byggðasamlagið annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinna stofnana fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að byggðasamlaginu:

Listasafn Árnesinga
Byggðasafn Árnesinga
Héraðsskjalasafn Árnesinga
Tónlistarskóli Árnesinga
Almannavarnir Árnessýslu
Brunavarnir Árnessýslu

Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir þessar stofnanir.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Á árinu 2021 gerðu Héraðsnefnd Árnesinga bs. og Landvernd makaskiptasamning vegna Alviðru og Öndverðarness II, en jarðirnar voru áður í sameign Héraðsnefndar og Landverndar. Helmings eignarhluti Landverndar í Öndverðarnesi II kom í eignarhlut Héraðsnefndar og helmings eignarhluti Héraðsnefndar í Alviðru kom í eignarhlut Landverndar. Stangveiðiréttur sem fylgir jörðinni Öndverðarnesi II var framseldur til Landverndar til 10 ára. Jarðeignir þessar voru í eigu Sýslunefndar Árnessýslu og urðu eign Héraðsnefndar Árnesinga þegar hún tók við hlutverki sýslunefndarinnar. Á árinu 2023 var undirritaður makaskiptasamningur vegna Alviðru og Öndverðarness II. Makaskiptin voru með þeim hætti að helmings eignarhluti Landverndar í Öndverðarnesi II kom í hlut Héraðsnefndar og helmings eignarhluti Héraðsnefndar í Alviðru kom í hlut Landverndar. Eftir makaskiptin er Öndverðarnes II eign Héraðsnefndar og Alviðra eign Landverndar.

Byggðasamlagið er eigandi lóðarinnar Austurvegur 37 á Selfossi, en Sýslunefnd Árnessýslu eignaðist lóðina á árinu 1941.

Þá er í eigu byggðasamlagsins landið Áshildarmýri og aðliggjandi landspilda. Lendurnar eru úr jörðinni Kílhrauni, en Árnesingafélagið í Reykjavík afsalaði þeim til byggðasamlagsins á árinu 2018.

Framangreindar jarðir og lendur eru ekki skráðar til verðs í ársreikningnum.

3. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig:

Staða

Staða í ársbyrjun	228.547.112
Vaxtagjöld af láni vegna stofnframlags til FSu	9.561.438
Verðbætur af láni vegna stofnframlags til FSu	21.239.532
Framlög sveitarfélaga vegna stofnframlags	(29.000.000)
	<u>230.348.082</u>

